



Guðrún Ragnarsdóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Kennaradeild,

Háskóla Íslands:



Upplifun og reynsla skólastjórnenda af breytingum í íslenskum framhaldsskólum samtímans. Gagnvirk áhrif einstaklinga, hópa og félagskerfa.

School leaders' perceptions of contemporary change at the upper secondary school level in Iceland. Interaction of actors and social structures facilitating or constraining change.

Vörnin fer fram þriðjudaginn 24. apríl kl. 13.00 í Hátíðarsal Háskóla Íslands.

Andmælendur eru dr. Elisabet Nihlfors, prófessor við Uppsalaháskóla, og dr. Monica Johansson dósent við Gautaborgarháskóla.

Leiðbeinandi var dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og meðleiðbeinandi dr. Jón Torfi Jónasson, prófessor emeritus við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Auk þeirra sat í doktorsnefnd dr. Lisbeth Lundahl, prófessor við Háskólann í Umeå Svíþjóð.

Baldur Sigurðsson, forseti Kennaradeildar Menntavísindasviðs, stjórnar athöfninni.

Allir velkomnir

Um verkefnið

Doktorsritgerðin fjallar um sýn skólastjórnenda í níu íslenskum framhaldsskólum á samspili einstaklinga, hópa og félagskerfa sem draga úr breytingum eða hvetja til þeirra. Ritgerðin fæst einnig við upplifun skólastjórnenda á hlutverki sínu, völdum og getu við að innleiða breytingar og þeim áskorunum sem fylgja því ferli. Tekin voru viðtöl við 21 stjórnanda í níu framhaldsskólum víðs vegar um landið. Viðtölin eru rædd í ljósi kenninga um stofnanir (institutions) annars vegar og skipulagsheildir (organizations) hins vegar. Ennfremur út frá kenningum um leiðtoga stofnana og skipulagsheilda, kenningum um ólík viðbrögð skóla við ytri kröfum um breytingar og kenningum um hvort breytingar nái í gegn eða ekki. Niðurstöðurnar sýna flókið mynstur gagnkvæmra áhrifa á breytingar, milli einstaklinga, hópa og félagskerfa, úr bæði ytra og innra umhverfi skólanna. Viðmælendur nefndu fjölmörg dæmi sem sýndu að flest áhrifaöflin styrkja ríkjandi hefðir innan skólakerfisins, gildi og viðmið. Þessi stýring, sem rökstutt er að megi kalla stofnanastýringu, er sterkt afl sem á stóran þátt í að hægja á breytingum eða jafnvel hindra þær. Á hinn bóginn lýstu skólastjórnendur því einnig hvernig hópar, innan og utan skólanna, hvöttu til breytinga og komu af stað vissu losi í skólunum (sem líkja má við afstofnanavæðingu) sem ýtti undir að nýjar hugmyndir flæddu á milli framhaldsskólanna. Mesta áskorun viðmælenda við innleiðingu menntabreytinga tengdist inntaki náms. Viðmælendur sögðust hafa takmörkuð völd til að hafa áhrif þar á. Þeir lýstu því aftur á móti hvernig þeir hefðu umtalsverða möguleika til forystu þegar kemur að kennsluháttum og námsmati. Þátttökuskólarnir virkjuðu með ólíkum hætti þá stefnu sem boðuð var með lögnum 2008 og aðalnámskrá 2011 sem bendir til að margar sjálfstætt starfandi einingar séu ráðandi innan skólanna. Skólastjórnendur fjölluðu jafnframt um það hvernig þeir brugðust við margvíslegri hvatningu til breytinga með mismunandi hætti. Lýsingar voru ýmist einkennandi fyrir leiðtoga stofnana eða skipulagsheilda, eftir viðfangsefnum hverju sinni, en viðbrögðin réðust einnig af ráðandi menningu innan skólanna og utanaðkomandi þrýstingi.

Enska

This study explores how school leaders in upper secondary schools perceive the interactions between actors and social structures that may facilitate or constrain change and how school leaders see their roles, power, and agency when leading change. It also includes what they consider to be the most significant challenges in the change. Twenty-one school leaders in nine upper secondary schools were interviewed. The data is discussed in light of theories on institutions and organisations, institutional and organisational leadership, fundamental educational and fundamental organisational change, different response categories to macro-level demands for change, and policy enactment. The findings show complex patterns of interactions between various macro-, meso-, and micro-level actors and social structures that impact change in upper secondary education. The predominant governing culture fell within the institutional category of education. Most of the actors were seen to protect the traditions, values, and norms in the field of education. The institutional governance plays a significant role in constraining change. Nevertheless, some actors reinforce the processes of deinstitutionalisation. In this way, new ideas often travelled horizontally throughout the organisational field of upper secondary education. The most significant challenge identified by the school leaders when leading change was directly related to the content of subjects. School leaders only had partial agency and limited power to promote change in content. In contrast, they claimed to have considerable pedagogical leadership in relation to teaching and assessment methods. The nine participating schools enacted the policy in the 2008 legislation and the 2011 national curriculum differently, and it is evident that many self-sustained subunits were seen to be operating within the schools. The school leaders usually responded either as institutional or organisational leaders depending on the issues at stake, the operating dynamics in their respective schools, or on the pressure from the macro-level actors.

Um doktorsefnið

Guðrún Ragnarsdóttir er með lífeindafræðingur með kennsluréttindi á grunn- og framhaldsskólastig. Einnig er hún með diplómagraðu í opinberri stjórnsýslu og meistaragraðu í lýðheilsufræðum. Guðrún hefur starfað sem kennari á þremur skólastigum eftir að hún lauk grunnnámi, en lengst af starfaði hún sem framhaldsskólakennari og millistjórnandi í Borgarholtsskóla. Guðrún hefur tekið að sér fjölbreytt verkefni á sviði menntunar fyrir Evrópuráðið frá árinu 2008. Guðrún stundaði einnig rannsóknir á líðan og starfsumhverfi kennara, stjórnenda og náms- og starfsráðgjafa í íslenskum framhaldsskólum á tímabilinu 2008–2012. Í doktorsnámi sínu hefur Guðrún verið þátttakandi í rannsóknarhópi um starfshætti í framhaldsskólum sem aftur er hluti af norræna öndvegissetrinu JustEd. Nú starfar Guðrún sem aðjúnkt og verkefnastjóri starfsþróunar á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Guðrún er fædd árið 1971 í Neskaupstað en býr nú í Reykjavík. Guðrún er gift Jóni Bender framkvæmdastjóra og eiga þau þrjú börn: Elísabetu Soffíu Bender klæðskeranema, Ragnar Þór Bender stjórnmálafræðinema og Sófus Mána Bender grunnskólanema.